



Reykjavík, 6. júní 2025
VEL25050056

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar um áhrif lokunar Janus endurhæfingar á þjónustupega velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar

Á fundi velferðarráðs 21. maí 2025 lagði fulltrúi Framsóknar fram svohljóðandi fyrirspurn:

Janus endurhæfing mun loka geðendurhæfingarúrræði sínu þann 1. júní n.k. vegna þess að ekki hefur náðst samningur við ríkið um áframhaldandi rekstur úrræðisins. Ekki liggur enn fyrir hvert þeir einstaklingar sem þar hafa notið þjónustu muni fara í þjónustu og því er spurt hverjar afleiðingarnar af því gætu orðið fyrir þjónustupega velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar sem hafa fengið þjónustu hjá Janus endurhæfingu eða eru á biðlista eftir þeirri þjónustu. Mun þetta hafa áhrif á þjónustupörf Reykjavíkurborgar?

Svar:

Velferðarsvið hefur ekki upplýsingar um þá þjónustupega velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem hafa fengið þjónustu hjá Janus endurhæfingu eða eru á biðlista eftir þeirri þjónustu. Um er að ræða úrræði sem starfrækt hefur verið með samningi við Sjúkratryggingar Íslands og Virk starfendurhæfingarsjóð.

Á heimasíðu Janusar endurhæfingar kemur fram að heimilislæknar, félagsþjónustan, geðheilsuteymi heilsugæslunnar og geðdeild Landspítalans geta sótt um ef viðkomandi er á aldrinum 18-30 ára.

Í ársskýrslu Janusar fyrir árið 2023 kemur fram að Janus endurhæfing hefur í stigvaxandi mæli sinnt einstaklingum sem glíma við flókin geðræn vandamál enda sé um geðendurhæfingu að ræða. Að mati Janusar skilaði starfsemin framúrskarandi árangri árið 2023. Fram kemur að nýting pláss í Janus á árinu var ekki nógu góð þrátt fyrir að ekki væri skortur á eftirspurn. Starfsendurhæfingarsjóðurinn Virk er stærsti kaupandi þjónustunnar en hann keypti 80 pláss á mánuði. Nýting þeirra pláss var að meðaltali 30 pláss á mánuði. Sjúkratryggingar hafa einnig keypt pláss. Í hverjum mánuði voru að meðaltali 51 einstaklingar virkir í þjónustu. Á árinu 2023 voru alls 86 einstaklingar í starfsendurhæfingu og af þeim fóru 68% þátttakenda aftur í vinnu, nám eða virka endurhæfingu. Alls voru 84% þátttakenda 30 ára og yngri. https://janus.is/data/files/arsskyrsla_arid_2023.pdf. Í ársskýrslu Janusar er ekki getið um lögheimili þeirra sem sótt hafa þjónustu Janusar.



Reykjavík



Velferðarsvið býður ekki upp á endurhæfingarúrræði sambærileg við endurhæfingarúrræði Janusar enda er læknisfræðileg endurhæfing ekki verkefni á sviði velferðarþjónustu. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur yfir ýmsum úrræðum að ráða sem hafa það að markmiði að hvetja þá sem hafa þurft á fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda út á atvinnumarkað eða til náms. Má þar nefna Grettistak, Tinnu, Ellu, IPS (Individual Placement Support), Vin svo og stuðning Virkni húss. Velferðarsvið hefur gert samning við Hugarafli um að þjónusta allt að 20 einstaklinga hverju sinni sem glíma við geðrænar áskoranir.

Á höfuðborgarsvæðinu eru starfrækt fjölmörg úrræði sem hafa það að markmiði að styðja einstaklinga sem glímt hafa við geðrænar áskoranir til náms eða aftur út á vinnumarkaðinn. Má þar m.a. nefna Klúbbinn Geysi, Hlutverkasetur, Hugarafli, Bataskólann, Geðheilsuteymi heilsugæslunnar auk úrræða Virk starfsendurhæfingarsjóðs. Að auki má nefna Mími símenntun, Framvegis símenntunarstofnun og Hring sjá, náms- og starfsendurhæfingu (sjá nánar yfirlit í fylgiskjali). Þessi úrræði eru oft rekin af hagsmunasamtökum og félagasamtökum og styrkir Reykjavíkurborg nokkur þeirra. Þau byggja mikið á jafningjastuðningi og hafa mikilvægt vægi við félagslegan stuðning.

Eins og fyrr segir liggja ekki fyrir upplýsingar um fjölda þjónustuþega velferðarsviðs sem stundað hafa starfsendurhæfingu í Janusi. Samkvæmt upplýsingum velferðarsviðs hafa mjög fáir einstaklinga sem sótt hafa Janus leitað til Miðstöðva með áhyggjur af framtíðinni. Því er ekki hægt að fullyrða um hvaða afleiðingar það muni hafa fyrir þá þegar Janus starfsendurhæfing hættir. Þó er auðvitað ljóst að lokun úrræða hefur alltaf áhrif á þjónustuþega sér í lagi ef ekki reynist unnt að bjóða þeim úrræði við hæfi. Þeir einstaklingar sem leitað hafa til miðstöðvanna hafa fengið viðtöl og verið vísað áfram í þau úrræði sem eru starfandi og sérstaklega í Virk.

Samkvæmt upplýsingum sem fengist hafa frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu er vinna í gangi innan ráðuneytanna um með hvaða hætti megi koma til móts við hópa sem þarfnast starfsendurhæfingar/heilbrigðistengdrar starfsendurhæfingar og hafa m.a. sótt Janus starfsendurhæfingu. Jafnframt hafa þær upplýsingar fengist að rætt hafi verið við alla þá einstaklinga sem eru í þjónustu Janus sem og þá sem eru á biðlista.

